



## Skóla- og frístundaráð

Reykjavík, 3. febrúar 2025

MSS25010159

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 28.1.2025 varðandi eftirfarandi mál:

### **Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um að gera fjármálalæsi að skyldufagi í 8.-10. bekk í Reykjavík**

Lögð fram svohljóðandi tillaga Mörtu Maier fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera fjármálalæsi að skyldufagi í öllum 8.-10. bekkjum í grunnskólum í Reykjavík eigi síðar en frá og með hausti 2026.

Greinargerð:

Það er mikilvægt að fjármálalæsi verði sérstök kennslustund og verði kennd í að minnsta kosti 40 mínútur á viku. Með þessu er verið að aðskilja fjármálalæsi frá lífsleikni eða kenna það sem valfag. Tilgangur tillögunnar er að gefa ungmennum jöfn tækifæri á námi í fjármálalæsi óháð grunnskóla þeirra en fjármálalæsi er nauðsynlegur hluti af menntun ungmenna í nútímasamfélagi.

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins er hlynntur því að fjármálalæsi verði gert að skyldufagi í grunnskólum. Fjármálalæsi er mjög mikilvægt því það veitir fólki þekkingu og hæfni til að taka upplýstar og skynsamar ákvarðanir um eigin fjármál. Fjármálalæsi hjálpar fólki að skipuleggja tekjur og útgjöld, fylgjast með fjárhagsstöðu og forðast skuldir. Minni skuldasöfnun er gríðarlega mikilvæg og þekking á fjármálum kennir fólki að taka ábyrgðarfullar lánveitingar forðast skuldir og skilja kostnað eins og vexti og dráttarvexti. Því fyrr sem fólk lærir um fjármál því betra. Fjármálalæsi er mikilvægur undirbúningur fyrir framtíðina. Í dag er fjármálalæsi hluti af námskrám í samfélagsgreinum og stærðfræði. Fulltrúa Flokks fólksins þykir æskilegt að fjármálalæsi verði gert að skyldufagi í tíunda bekk grunnskóla og þá ein kennslustund á viku. Á þeim aldri eru nemendur líklega hvað móttækilegastir fyrir slíku námi. Eins leggur fulltrúi Flokks fólksins áherslu á að námsefni í fjármálalæsi sé útgefið og framleitt af hlutlausum aðila. Menntastofnun og sum



**Reykjavík**



sveitarfélög eins og Reykjavík hafa þróað fræðsluefni í fjármálalæsi sem er vel. Einkafyrirtæki eins og Arion, Landsbankinn, Íslandsbanki, Creditinfo og Samtök fjármálafyrirtækja hafa gefið út námsefni í fjármálalæsi og boðið upp á fræðslu fyrir skóla. Flokkur fólksins er á móti því að slík hagsmunasamtök sjái um fræðslu ungmenna.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

**Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.**

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal  
e.u.